



Rafmagnsveita Reykjavíkur, erindi viðvíkjandi launagreiðslum á skrifstofunni 1.nóvember 1935 og 4. feb. 1936

Bjarni Benediktsson – Rafmagnsveita Reykjavíkur, erindi viðvíkjandi launagreiðslum á skrifstofunni 1.nóvember 1935 og 4. feb. 1936 – Vélgæzlu - yfirvinna – Karl Lárusson– Jóhannes Kristjánsson - hans Hoffmanns

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit.

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 4. febr. 1936

Viðv. greiðslu fyrir aukavinnu.

Sem syar við brjefi yðar, herra borgarstjóri, dagsettu 6. jan. s.l. um ályktun bæjarstjórnarinnar í sambandi við fjárhagsaetilun Reykjavíkurbaðar 1936 viðvíkjandi eftirvinnu fastra starfsmanna, vil jeg leyfa mjer að gera oftirfarandi tillögur:

- 1) Þar sem ekki verður komist hjá aukavinnu, svo sem við aukna vjelgazlu í vondum veðrum (2 vjelamenn á vakt í senn) við krap og ísnreinsun, við vjel og línbilanir utan venjulegs vinnutíma, við tengingar að naturlagi eða á helgidögum greiðist aukavinna eftir þeim reglum sem um getur í meðfyigjandi tillögum um fyrirkomulag a eftirvinnu,
- 2) Þar sem aukavinnna befir smásaman hlaðist á vegna vaxtar starfssins og nú er orðin meira eða minna föst mánaðargreiðsla skal vinnunni annaðhvort skift á fleiri, eða ákveðin föst lauu miðað við starfann eins og hann er nú eða fyrirsjávnlega verður.

Til frekari upplýsingar þessu legg jeg hjer með tillögur skrifstofumannanna, sem mjer virðist rjett að hafa til hliðsjonar í þessu sambandi.

Virðingarfyllst

Rafmagnsstjórinn í Reykjavík

Steingr. Jónsson.

Til borgarstjórans í Reykjavík.

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR.

Reykjavík, 30. jan. 1936

Nokkrar tillögur viðvíkjandi fyrirkomulagi á eftirvinnu við Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Forstöðumenn hinna ýmsu deilda (umsjónarmaður raflagna, aðalbókari, gjaldkeri og aðstoðarverkfræðingur) fá ekki greiðslu fyrir yfirvinnu, enda sjeu hin föstu laun þeirra ákveðin með tiliti til þess, að þeir vinni yfirvinnu þegar þörf gerist.

Þar sem ekki er hægt, nema með hlutfallslega mjög miklum kostnaði, að komast hjá yfirvinna ýmissa starfsmanna, svo sem vjelamanna, línumanna, montöra og sumra skrifstofumannna (sbr. greinargerð aðalbokara frá 1. nóv. s.l.), er mjög nauðsynlegt, að settar verði ákveðnar reglur um eftirvinnuna og hun a þann hatt kontrolli með mjög nákvæmlega.

Þau atriði, sem sjerstaklega koma til greina í því sambandi, eru:

að forstöðumenn deildanna beri ábyrgð gagnvart ráfmagnsstjórá á því, að eftirvinna sje ekki unnin í hlutaðeigandi deili um nema mjög brýn nauðsyn beri til.

að útreikningur og samanburður launagreiðslanna fari fram í gegn um launabókhald eftir vinnulistum.

að öll eftirvinna sje skráð fyrir hvern dag á þar til gerðan vinnuseðil, og sje einn maður á hverjum seðli. Forstöðumenn deildanna fylli út, eða að minnsta kosti staðfesta hvern seðil.

Seðlarnir sjeu þannig gerðir, að á þeim sje tilgreint hvern vinnur vinnuna, hvenær hún er unnin, hversvegna hún er unnin, og við hvað hún er unnin. Er síðasta atriðið

gert með tilvísun til kontoskiftingar, sem prentuð er á
bak hvers seðils.
að seðlar pessir fari daglega, eða að minnsta kosti vikulega,
ef um stopula eftirvinnu er að ræða, til launabókhaldsins.
Þar skulu seðlarnir reiknaðir út og færast jöfnum höndum
og þeir koma á vinnulista viðkomandi deilda.
að enginn vinnulisti sje greiddur nema forstöðumaður viðkomand
deildar staðfesti hann sem rjettan.

Eins og hjer er talað um að framan skal einnig farið með
þá menn, sem fá kaup sitt vikulega eftir útreikningi fjölda
vinnutímann, og skal skila dagseðlunum yfir unnnin tíma-
fjölda í lok hvers vinnudags eða í byrjun næsta dags á
eftir. Pessir seðlar skulu síðan færðir í launabókhaldinu
jöfnum höndum og þeir koma inn eins og sagt er um hjer að
framan um eftirvinnuna.

Undir þessa seðla skrifar verkstjóri.

að vikulegur mannaðarleg skyrsla verði gerð af launabókhaldinu yfir alla eftirvinnu, sem unnin er, og hún send
rafmagnsstjóra og síðan borgarstjóra.

Þau atriði, sem hjer hafa verið talin, eru nokkur höfuð-
atriði launabókhalds; og er enginn vafi á því að þau myndu hafa stóra
áhrif til góðs í því efni að auka allt kontrol með allri vinnu, sem
unnin er hjá stofnuninni, og þannig hafa þau áhrif að eftirvinnan
minkaði fra því sem nú er, ef hún er að einhverju leyti óeöllileg.

Ýms önnur atriði koma til greina við slíkt kontrol og
falla þau öll undir launabókhaldið, og virðist skynsamlegt að taka
sjer til fyrirmynnar í þessum efnunum þær reglur og það fyrirkomulag,
sem ríkir um þessa hluti á H.C. Órstedsvárket í Kaupmannahöfn.

RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR.

----- Reykjavík, 1. nóv. 1935

Viðvíkjandi launagreiðslum á skrifstofunni.

Með tilliti til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið
á skrifstofuhaldi Rafmagnsveitunnar, og það sjerstaklega með tilliti
til nýrrar starfskiftingar og niðurlagning eftirvinnunnar, að mestu
leyti, þykir rjett að gera eftirfarandi tillögur til breytinga á
launum og á greiðslum vegna eftirvinnu.

Hefir lítillega verið minnst á þetta áður í sambandi við
breytinguna á skrifstofunni, en hjer skal gerð nokkur frekari grein
fyrir því.

Flutningur manna úr einu starfi í annað.

Einsog vitað er, hafa allmargir af starfsmönnum skift
um störf, Sumpart hefir su skifting ekki haft annað í för með sjer
en að sjálf vinna mannanna hefir orðið önnur, en sumpart hefir
skiftingin líka orðið þess valdandi að aukinabyrgð hefir færst á
herðar þeirra manna, sem tekið hafa við nýju störfunum. Þar sem
hið síðara er tilfellið, og þar sem ekki er um sjerstaklega há laun að
ræða fyrir, virðist mjög sanngjart að þeir menn, sem þannig er hátt
að um, verði látnir njota þess trausts, sem þeim á þenna hatt er
sýnt, með því, að þeir komi til að bera meira úr þýtum, að launun
til, en áður. Slík hækkan á launum eða launauppbót, gæti komið fre
annað hvort á þann hatt, að þessir menn fengu aukaaldursuppbótur,
þar sem hægt væri að koma því við, eða á þann hatt, að þeir væru
færðir til í launaflokki, og mun hvorutveggja hafa verið tíðkað
áður hjá bæjarstofnum, enda algild regla a samskonar skrifstofum
erlendis.

Þeir, sem sjerstaklega koma til greina í þessu sambandi
eru þeir Karl Larusson og Jóhannes Kristjánsson. Karl Larusson
er með starfi sínu, sem umsjonarmaður með breytingum, færslu við-
skiftaskrár og reikningsútskriftar, ordinn nokkurskonar deildar-
stjóri innan vjeðanda bókhaldsins. Enda er ætlast til, að þessi
störf verði sjerstakur, liður undir aðalbókhaldinu einsog er hjá
þórum rafveitum erlendis, sem nái hafa 12 þúsund malitakjafjöldi.

Hefir hann því með þessu þá stöðu á skrifstofunni, er fyllilega rjettlaðir það, að honum verði veitt launahækken. Auk þess hefir Karl um skeið gegnt abyrðarmeiri störfum á skrifstofunni en margir aðrir, sem þó hafa haft hærri ljun en hann. Hækkinin, sem hjer virðist vera eðlilegust, er að Karl verði færður ur 6. launaflokk (2500-3500) og 15. launafl. (3000 - 4000). Um Jóhannes Kristjánsson má nokkuð líkt segja og Karl. Jóhannes hefir ekki unnið inni á skrifstofunni og þess vegna verið í öðrum launaflokki en skrifstofufólkis. Þegar hann nú er kominn inn á skrifstofuna og orðinn aðstoðarmaður gjaldkerans (aðstoðargjaldkeri), virðist vera eðlilegt, að hann falli inn undir launaflokkun skrifstofufolksins, eðlilegast að hann taki laun eftir 5. flokki, eða til að byrja með eftir 6. flokki, og að hann komi þar í aldursuppbótarsæti, sem aldur hans myndi hafa veitt honum rjett til, ef hann hefði frá byrjun startímans verið í þessum flokki, sbr. launasamb. bæjarins 4. gr.

Samkvæmt aðurnefndum breytingum á skrifstofuhaldinu er sv til ætlast að eftirvinnan falli niður. Má þetta verða, að lang mestu leyti, en þó er fyrirsjáanlegt, að nokkur yfirvinna hlýtur óhjákvæmilega að verða unnin af nokkurum mönnum. Kemur þetta einkum til af því, að starfi skrifstofunnar, bæði í bókhaldsdeild (við-skiftaspjaldskrárfærslan og reikningsútskriftin) og í gjaldkeradeild eru akaflega mikil þess að lis, að þau verða að lúkast á akveðnum tíma ef reikningar eiga að komast út í taka tíð og má fyrsta atriði starfsins ekki vera nema sem skemmt á undan hinu síðara; t.d. verður sem stytstur tími að líða á milli álesturs þg innheimtu hjá sama manni. Hygg jeg þessa gæta miklu fremur hjer a skrifstofunni heldur en öðrum skrifstofum hjer á landi og fremur en á skrifstofum erlendrafmagnsstöðva. Síðan það af því, að hjer verður að vinra öll störfin viðvíkjandi álestri, innheimtu etc. á ekki meira en 20-27 dögum, ef innheimtan að geta verið mánaðarleg, en hliðstæðar rafmagnsveitur innheimta ekki nema annan hvorn mánuð eða kvartalsvis, eða jafnvel hálfárslega. Þegar því lesa á á 14 þúsund mæla og senda reikninga út til tæpra 11 þúsund neytenda, er óhjákvæmilegt annað an að vinna verði, á stundum, framyfir venjulegan skrifstofutíma. Þá eykur það og skrifstofustörf Rafmagnsveitunnar, miðað við hliðstæðar rafmagnsveitur erlendis, að rafmagnsneytendum eru hjer synd miklu meiri linkind hefdur en tíðkast erlendis, en það torveldar aftur eðlilegan gang skrifstofustarfanna. Pessu má vitanlega breyta þannig að yfirvinnan hverfi algjörlega, en það verður ekki gjört í einu vettvangi, og ef að halda átti manaðarinnheimtunni þyrfti undir öllum kringumstæðum aukið husrúm og talsvert dýr viðbótartæki.- Auk þessa verður og öll innfærsla að vera framkvæmd til dags, dato við lok hvers dags.

Af þessu hlýtur að leiða að ýms störf og undirbúningur starfa verður oftlega að leysast af hendi á þeim tíma dags, sem fellur eftirlökunartíma. Su vinna lendir eðlilega á þeim, sem hafa umsjón með vinnunni, og þá einkum á forstöðumörnum deildanna. Þen með tilliti til að yfirvinna geti fallið algjörlega burtu í framtíðinni og með tilliti til ymissra atriða í sambandi við eftirvinnu a skrifstofum almennt, virðist það vera í senn praktiskt og heilbrigð að þeir, sem eftirvinnan hlýtur, eða hlýti, almennast að lenda á, fái ákveðna mánaðargreiðslu fyrir hana fast ákveðna í eitt skifti fyrir öll. Er því auðveldara að fast akveða þessar greiðslur, sem starfskiftingin er á skrifstofunni, en um tillögur í þeim efnum hefir áður verið stungið upp á (sbr. ferðaskýrslu mína 1934); hefur ið sinni ófátt að atriði koma hier til greina, að á skrif

Pá virðist og það atriði koma hjer til greina, að a skrifstofum Rafmagnsveitunnar hefir eftirvinna verið unnin nokkurnvegin konstant í nokkur ar og nam t.d. 1300 kr. á manuði s.l. manuð, og þar sem greiðslurnar skiftast niður á tiltölulega fáa, hefir verið hjer um talsverðar tekjur að ræða fyrir þá, sem orðið hafa þessarar vinnu aðnjótandi. Virðist það pessvegna vera mjög sanngjارت, ef kleift þætti, að láta þá menn, sem mikla yfirvinnu hafa haft, og aðhæft hafa sína efnahagslegu aðstöðu við hana, njóta þess að peir nú allt í einu missa þessa tekjulind, þó að þetta viðhorf sje vitanlega ekki gert að leiðarvísisir um ákvörðun fastagjaldsins fyrir yfirlinnuna.

Með það fyrir augum, sem hjer að framan er gert að umfast gjald til þeirra, sem koma til að vinna yfirvinnu að verul leyti.

Þeir menn, sem koma þá sjerstaklega til greina við fasta mánaðargreiðslu fyrir eftirvinnu eru, eins og nú standa sakir, eink inn(forstöðumaður innheimtunnar), Karl Lærusson, (umsjónarmaður viðskiftaspjaldskrár), Jóhannes Kristjánsson(aðstoðarmaður gjaldkera) og að nokkuru Hans Hoffmann bókari.

Við athugun á því, hvað fasta gjaldið þyrfti að vera hátt svo báðum aðiljum væri fullnægt, vinnandanum og Rafmagnsveitunni, hefir virst, að ekki myndi vera fjarri lagi, að gjaldið yrði miðað þannig þ. kr. 150.00 á hvorn aðalbókara og gjaldkerann, kr. 60.00 á Karl og Jóhannes hvorn, og kr. 50.00 á H. Hoffmann. Það er alveg víst að eftirvinnan verður síst minni næstu tvo mánuði. Veldur því einkum það, að á þá mánuði kemur skifting álesturskortanna, breyttingarnar á heimtaugafærslunni og ýmislegt fleira í sambandi við uppgjör og reikningsbreytinguna. Kemur þetta einkum til að verða unni af aðalbókarana og gjaldkeranum; Myndi því áætlun um eftirvinnuna hjá þeim fyrir nóv., des. og janúar ekki verða ofmikil kr. 200.00 miðað við þá vinnu, sem verður að inna af hendi.

Eftirvinna Hoffmanns verður yfirleitt minni en hinna og innanskamms sennilega alveg hægt að komast af án hennar í næstu framtíð. Væri þess vegna ef til vill rjett að láta hann njota sjerstakrar aldursuppbótar í staðinn fyrir fastseftirvinnugjalds.

Á pennu hátt, sem nú hefir verið lýst, myndi fyrirkomulagið á yfirvinnunni, að svo miklu leyti sem hun hverfur ekki, komas í mun betra og heilbrigðara horf en verjð hefir. Og myndu útgjöldin verða miklu minni eða rúnum 700 kr. á mánuði minni en aður vegna þarrara breytinga á yfirvinnufyrirkomulaginu sjálfu.

Pess skal getið, að það, sem hjer er farið fram á, er ekkert ráð fyrir að haldist allt af, heldur gert ráðfyrir að hverfi er stundir líða, og með tilliti til þess, er fastagjaldið án nokkurs efa besta millisþorið í rjetta átt.

Vera má að fyrir geti komið, að einstöku sinnum verði aðrir, en þeir sem hjer er gert ráð fyrir, að vinna yfirvinnu, en varla ætti það að burfa að vera mikið, og því best að sá yfirvinna verði greidd með tímakaupi. En vel mætti slíkt tímakaup vera lægra heldur en það tímakaup, sem nú er goldið, þó að samræmis þyrfti vita lega að gæta við aðra um slíkan taxta. Eftirlit á þessari tímavinnufæri fram gegn um launabókhaldið, enum það hafa verið gerðar sjerstakar tillögur.

Til
rafmagnsstjórans.